

Konungsúrskurður

Nr. 41
30. nóv.

um

f á n a n n

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð Danmerkur konungur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvik, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Samkvæmt þegnlegum tillögum stjórnarráðs Íslands höf-
um Vjer allramildilegast úrskurðað þannig:

Gerð fána Íslands er ákveðin þannig: Heiðblár (ultramarine-blár) með hvítum krossi og hárauðum krossi innan í hvíta krossinum. Armar krossanna skulu ná alveg út í jaðra fánans á alla 4 vegu. Breidd krossmarksins alls skal vera $\frac{2}{9}$ af breidd alls fánans, en rauði krossinn helmingi mjórri, $\frac{1}{9}$ af breidd fánans. Reitirnir við stöngina skulu vera rjetthyrndir ferhyrningar og allar hlið-
ar þeirra jafustórar; ytri reitirnir skulu vera jafnbreiðir stangarreitunum, en helm-
ingi lengri. Hlutfallið milli breiddar fánans og lengdar hans verður sem 18:25.

Stjórnin og opinberar stofnanir skulu nota fánann klofinn að framan.

Nánari ákvæði um notkun klofna fánans verða sett með sjerstökum kon-
ungsúrskurði.

Úrskurður þessi öðlast gildi 1. desember 1918 og eru allrahæstir úrskurðir
22. nóv. 1913 og 19. júní 1915 um sjerstakan íslenskan fána jafnframt úr gildi
gengnir.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Amalfuborg, 30. nóvember 1918.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Jón Magnússon,